



**Ávarp
forseta Íslands
Guðna Th. Jóhannessonar
við upphaf eldgoss hjá Grindavík
14. janúar 2024**

Kæru landsmenn.

Nú hefur það gerst sem við vonuðum öll að ekki myndi gerast. Nú hefur það gerst að hraun rennur inn í Grindavíkurbæ, þessa blómlegu byggð þar sem fólk hlúði að sínu, stundaði sjósókn og aðra atvinnu; ræktaði sitt samfélag í góðri sátt við guð og menn.

Áfram vonum við að allt fari eins vel og hægt er, andspænis ógnarmætti náttúruaflanna. Fyrir nokkrum mánuðum tókst að rýma bæinn eftir skelfilega skjálftahrinu. Þá skipti öllu að bjarga mannlífum, rétt eins og nú. Því er hugur minn og annarra hjá ástvinum Lúðvíks Péturssonar, mannsins sem saknað er eftir vinnuslys í Grindavík í vikunni sem leið.

Við vitum ekki hvernig þessum eldsumbrotum vindur fram en getum samt gert það sem í okkar valdi stendur til að minnka tjón vegna þeirra. Því munum við áfram sinna og við munum áfram standa saman, við munum sýna samkennd og samstöðu.

Já, við skulum áfram hugsa hlýtt til þeirra sem hafa ekki getað búið á heimilum sínum að undanfögnu, þeirra sem þurfa nú að fylgjast með hraunelfum í og við byggðarlag sitt. Ég þakka líka þeim fjölmörgu sem hafa boðið Grindvíkingum húsaskjól og aðra aðstoð í stóru sem smáu. Þá þakka ég öllum sem unnið hafa á vettvangi þessara válegu viðburða, auk einvalaliðs vísindamanna sem rýna í öll þau teikn sem birtast hverju sinni.

Góðir landsmenn: Þetta er ekki í fyrsta sinn sem við þurfum að bregðast við brýnni vá vegna jarðelda. Seinna í þessum mánuði er fimmtíu og eitt ár liðið frá upphafi eldgossins mikla á Heimaey. Þá rann hraun síðast yfir híbýli hér á landi og þá sagði Kristján Eldjárn forseti: „Það þarf minna en þessi ósköp til að

Íslendingar finni að þessi fámenna þjóð er líkust stórri fjölskyldu sem veit að það sem á einn er lagt, það er lagt á alla.“

Þessi orð eru enn í fullu gildi. Þegar á reynir stöndum við saman. Vissulega hafa Grindvíkingar og við öll vonast til þess að senn muni þessum hamförum linna, að senn geti fólk snúið til síns heima. Nú er allt í uppnámi en við þurfum áfram að eiga von. Sú von má í sumu byggjast á trú. Í Eyjum æddi hraunið og aska lagðist yfir byggðina alla. Sáluhliðið við kirkjuna brast þó ekki. „Ég lifi og þér munuð lifa“, stóð á hliðinu og stendur enn.

En von okkar má líka byggjast á raunsæi, á vísindalegri þekkingu og getu okkar til að hafa betur en náttúruöflin, þrátt fyrir allt. „Um hvað reiddust goðin þá, er hér hrann hraunið, er nú stöndum vér á?“ Þannig svaraði Snorri goði þegar því var haldið fram á Þingvöllum fyrir rúmum þúsund árum að goð hefðu refsað kristnum mönnum með því að láta hraun renna á bæi.

Kæru landsmenn. Síðan höfum við þolað ýmsar þrautir hér, kynslóð af kynslóð, en um leið notið gæða landsins, þessa ægifagra lands. Nú bíðum við og vonum og tökum því sem að höndum ber. Nú þurfa öll okkar framtíðaráform að taka mið af því að öflugt umbrotaskeið virðist hafið á Reykjanesskaga. En við munum ekki gefast upp. Grindvíkingar hafa reynst æðrulausir og þrautseigir: það er skylda okkar allra að tryggja að þeir geti áfram sýnt sjálfum sér og öðrum hvað í þeim býr, að þeir geti áfram átt heimili, notið öryggis og leyft sér að horfa björtum augum fram á veg. Þetta gerum við saman, við Íslendingar. Já, við gefumst ekki upp.